

65

skýrði frá kirkjubyggingu og ásigkomulagi húsa á Hvanneyri, stakk hann upp á því, eptir tillögum stjórnarnefndar skólans og áskorun bústjórans, að nú í sumar skuli lengja skólahúsið um 9 álnir, og verði haft bæði lopt og kjallari í því, sem byggt verði, og að lán verði tekið til þessa, annaðhvort í landssjóði eða í bankanum, alls að upphæð 3000 krónur. Var þetta samþykkt, og var forseta falið að taka lánið, að fengnu samþykki landshöfðingjans, og að láta síðan framkvæma verkið.

Forseti lagði fram brjef frá skólanefndinni, dags. 11. þ. m., þar sem nefndin fer fram á, að keypt verði ýms áhöld til skólans, gjört við peningshús o. fl., og var forseta falið að láta framkvæma þetta, eptir því sem þörf krefði og fjárhagur skólans leyfði.

38. Amtsráðinu þykir nauðsyn til, að nákvæmt eptirlit verði haft með útflutningi á sauðfje, og felur forseta á hendur, að framfylgja ályktun amtsráðsins viðvíkjandi skoðun á útflutningsfje, er gjörð var á aðalfundi amtsráðsins 1892.

Fundarbók var því næst upp lesin og samþykkt.

Fundi slitið.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 27. júní 1894.

Kristján Jónsson,

settur.

66

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi árið 1893.

	Tekjur:	kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1892		9,37
2. Landssjóðsstyrkur 1893		200,00
	Samtals kr.	209,37
	Gjöld:	
1. Fyrir umsjón með bókasafninu 1893		30,09
2. Fyrir brunabótagjaldið 18 ⁹⁴ / ₉₅		10,00
3. Fyrir bókband		81,65
4. Eptirstöðvar við árslok 1893		87,72
	Samtals kr.	209,37

Íslands vesturamt, Reykjavík, 30. apríl 1894.

Kristján Jónsson,

settur.